

Skagafjarðarveitur ehf.

Ársreikningur 2005

Skagafjarðarveitur ehf.
Borgarteigi 15
550 Sauðárkrókur

Kt. 691097-2509

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað í upphafi árs 2002 þegar byggðasamlagi var breytt í einkahlutafélag í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Félagið á og rekur hitaveitu, vatnsveitu og sjóveitu í Skagafirði.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 19,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 306,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé félagsins var 100,0 millj. kr. í árslok og átti Sveitarfélagið Skagafjörður allt hlutaféð.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 27 / 6 2006.

Í stjórn félagsins:

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)

Framkvæmdastjóri:

Páll Pálsson (sign)

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Skagafjarðarveitum ehf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 24. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreiknings og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Sauðárkróki, 27 / 6 2006.

Kristján Jónasson (sign)

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur ársins 2005

	Skýr.	2005	Fjárhagsáætlun
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		138.006.583	127.700.000
Heimæðagjöld		3.206.721	2.050.000
Aðrar tekjur		9.031.085	3.505.000
		150.244.389	133.255.000
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	15	47.011.693	42.160.000
Annar rekstrarkostnaður		36.744.686	31.161.000
Afskriftir	6,16	28.264.770	26.517.000
		112.021.149	99.838.000
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		38.223.240	33.417.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		1.341.244	601.000
Vaxtagjöld og verðbætur		(24.106.237)	(12.813.000)
Gengismunur		3.920.219	0
		(18.844.774)	(12.212.000)
Hagnaður ársins.....		19.378.466	21.205.000

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2005	2004
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Virkjanir og veitukerfi	18	542.658.823	450.478.827
Fasteignir	17	34.956.603	36.642.192
Áhöld, tæki og bifreiðar		5.304.373	3.943.358
	6,16	<u>582.919.799</u>	<u>491.064.377</u>
Áhættufjármunir:			
Hlutabréfaeign	19	1.949.223	1.949.223
Verðbréfaeign		0	315.663
		<u>1.949.223</u>	<u>2.264.886</u>
Fastafjármunir samtals		<u>584.869.022</u>	<u>493.329.263</u>
Veltufjármunir:			
Birgðir	9	16.939.800	11.313.162
Skammtímakröfur:			
Óinnheimt vegna framkvæmda		44.000.000	0
Viðskiptakröfur	20	29.104.625	22.237.484
Næsta árs afborganir		325.149	599.594
Aðrar skammtímakröfur		7.237.861	8.588.770
Handbært fé	11	<u>3.912.500</u>	<u>2.211.928</u>
Veltufjármunir samtals		<u>101.519.935</u>	<u>44.950.938</u>
Eignir samtals		<u>686.388.957</u>	<u>538.280.201</u>

31. desember 2005

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2005	2004
Eigið fé:			
Hlutfé		100.000.000	100.000.000
Annað eigið fé		<u>206.076.371</u>	<u>186.697.905</u>
Eigið fé samtals	21	<u>306.076.371</u>	<u>286.697.905</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	22	<u>26.433.527</u>	<u>24.605.625</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	23	<u>210.517.495</u>	<u>151.222.373</u>
	13	<u>210.517.495</u>	<u>151.222.373</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld við lánastofnanir		27.633.926	0
Næsta árs afborganir langtímskulda	24	93.055.325	56.164.151
Aðrar skammtímaskuldir		22.672.313	18.820.546
Tengigjöld, tekjufærð á næsta ári		0	769.601
		<u>143.361.564</u>	<u>75.754.298</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>380.312.586</u>	<u>251.582.296</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>686.388.957</u>	<u>538.280.201</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2005

	Skýr.	2005	Fjárhagsáætlun
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		19.378.466	21.205.000
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	16	28.264.770	26.517.000
Verðbætur og gengismunur af langtímalánum		4.222.703	6.082.000
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	22	1.827.902	2.300.000
		<u>53.693.841</u>	<u>56.104.000</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, lækkun (hækkun)	(5.626.638)	0
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	(5.516.232)	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		3.851.767	0
		<u>7.291.103</u>	<u>0</u>
		<u>46.402.738</u>	<u>56.104.000</u>
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(120.120.192)	(96.250.000)
Óinnheimt vegna framkvæmda, breyting	(44.000.000)	0
Afborganir langtímakrafna		598.517	405.000
		<u>163.521.675</u>	<u>95.845.000</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný langtímalán		129.986.103	60.000.000
Afborganir langtímalána	(38.030.919)	(18.133.000)
Fyrirfram innheimt tengigjöld, lækkun	(769.601)	(4.200.000)
Skammtímalán, breyting		27.633.926	0
		<u>118.819.509</u>	<u>37.667.000</u>
Breyting á handbæru fé		1.700.572	(2.074.000)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>2.211.928</u>	<u>2.212.000</u>
Handbært fé í árslok		<u>3.912.500</u>	<u>138.000</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Lotun gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Varanlegir fastafjármunir

5. Varanlegir fastafjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	25 ár
Virkjanir og veitukerfi.....	25 ár
Áhöld, tæki og bifreiðar.....	5 - 7 ár

Eignarhlutir í félögum

7. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, framreiknuðu til ársloka 2001.

Langtímakröfur

8. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Birgðir

9. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði. Þar sem við á er tekið tillit til gallaðra og úreltra vara.

Skýringar, frh.:

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

10. Viðskiptakröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

11. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Lífeyrisskuldbinding

12. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Skagafjarðarveitna ehf. er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2005. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu, að teknu tilliti til greiðslna á árinu vegna skuldbindingarinnar, er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 22.

Langtímaskuldir

13. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Fjárhagsáætlun

14. Fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2005 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

Starfsmannamál

15. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2005	Fjárhagsáætlun
Laun	37.580.916	34.775.000
Launatengd gjöld	6.144.546	5.810.000
Annar starfsmannakostnaður	1.597.850	1.575.000
Áunnið orlof, breyting	(139.521)	0
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	1.827.902	0
	<hr/>	<hr/>
	47.011.693	42.160.000
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	8	8

Skýringar, frh.:

Varanlegir rekstrarfjármunir

16. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Virkjanir og veitukerfi	Fasteignir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2005	1.120.555.328	42.139.740	11.486.182	1.174.181.250
Afskriftir samtals 1.1.2005	(670.076.501)	(5.497.548)	(7.542.824)	(683.116.873)
Bókfært verð 1.1.2005	450.478.827	36.642.192	3.943.358	491.064.377
Viðbót á árinu	117.883.002		2.237.190	120.120.192
Afskrift ársins	(25.703.006)	(1.685.589)	(876.175)	(28.264.770)
Bókfært verð 31.12.2005	542.658.823	34.956.603	5.304.373	582.919.799
Samtals heildarverð 31.12.2005.....	1.238.438.330	42.139.740	13.723.372	1.294.301.442
Afskrifað samtals.....	(695.779.507)	(7.183.137)	(8.418.999)	(711.381.643)
Bókfært verð 31.12.2005.....	542.658.823	34.956.603	5.304.373	582.919.799
Afskriftahlutföll	4%	4%	15-20%	

Fasteignamat og vátryggingaverð

17. Bókfært verð fasteigna félagsins nam 35,0 millj. kr. í árslok 2005 en fasteignamat á sama tíma nam 38,7 millj. kr. og lóða 10,3 millj. kr. Brunabótamat fasteigna nam 108,5 millj. kr. í árslok og vátryggingaverð lausafjármuna nam 18,5 millj. kr.

Viðlagatrygging

18. Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti vegna hitaveitu nemur 359,7 millj. kr. og vegna vatnsveitu 358,5 millj. kr.

Eignarhlutir í félögum

19. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Bókfært verð
Fjölnet hf.....	1.105.793
Netorka hf.....	843.430
	<u>1.949.223</u>

Skammtímakröfur og verðbréf

20. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	4.650.000
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(865.918)
Tekjufærð (gjaldfærð) niðurfærsla á árinu.....	715.918
Niðurfærsla í árslok.....	<u>4.500.000</u>

Skýringar, frh.:

Eigið fé

21. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	100.000.000	186.697.905	286.697.905
Hagnaður ársins		19.378.466	19.378.466
Eigið fé 31.12.2005	100.000.000	206.076.371	306.076.371

Lífeyrisskuldbinding

22. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna veitunnar. Reiknuð hækkun á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Lífeyrisskuldbindingin var í árslok 2005 reiknuð á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar. Engar greiðslur voru vegna lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2005 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1.2005.....	24.605.625
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	1.827.902
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2005.....	26.433.527

Langtímaskuldir

23. Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í USD	35.187.115
Skuldir í CHF	15.166.055
Skuldir í JPY	12.480.581
Skuldir í EUR	14.686.600
Skuldir í íslenskum krónum	226.052.469
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	303.572.820
Næsta árs afborganir	(93.055.325)
Langtímaskuldir samtals	210.517.495

24. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2006	93.055.325
Árið 2007	17.268.205
Árið 2008	17.268.205
Árið 2009	17.268.205
Árið 2010	14.495.653
Síðar	144.217.227
Langtímaskuldir samtals	303.572.820